



Dalabyggð

## Samstarfssamningur

Dalabyggðar og Undra vegna frístundaaksturs

Dalabyggð, kt. 510694-2019 og Íþróttafélagið Undri, kt. 460722-1950 gera með sér svohljóðandi samstarfssamning:

### 1. gr. Tilgangur og markmið

Tilgangur þessa samnings er að halda uppi frístundaakstri fyrir börn og ungmenni í Dalabyggð til og frá þeim frístundum sem í boði eru í íþróttahúsinu að Laugum í Sælingsdal, sem og að ná fram samfelli í skólastarfi og afþreyingu barna og ungmenna í sveitarfélaginu. Einnig að hugað verði að frístunda/tómstundaakstri í einhverri mynd hvað varðar sumarstarf/leikjánaðmskeið í allt að fjórar vikur að sumri.

### 2. gr. Hlutverk

Hlutverk Undra samkvæmt samningi þessum er:

- Halda utan um og skipuleggja íþróttæfingar fyrir börn og ungmenni í Dalabyggð í samfelli við skólastarf.
- Koma að skipulagi sumarstarfs.

Hlutverk Dalabyggðar samkvæmt samningi þessum er:

- Styðja við bakið á Íþróttafélaginu Undra varðandi þann útlagða kostnað sem félagið verður fyrir vegna þessa verkefnis.

### 3. gr. Styrkur

Dalabyggð greiðir Íþróttafélaginu Undra styrk sem nemur útlögðum kostnaði félagsins, að hámarki kr. 4.000.000,- á ársgrundvelli. Greitt skal inn á samninginn 1. apríl kr. 500.000,-, 1. júlí kr. 500.000,-, 1. september kr. 500.000,- Uppgjör á sér stað 31. desember ár hvert skv. framlögðum reikningi mínus innborganir á fyrrgreindum dagsetningum. Heildarupphæð styrks verður þó aldrei hærri en fyrrgreind tala, kr. 4.000.000,- á ári hverju.

Dalabyggð hefur milligöngu um frí afnot Íþróttafélagsins Undra að íþróttaaðstöðu að Laugum og í Búðardal.

### 4. gr. Siðareglur og skyldur vegna samstarfs

Sveitarstjórn Dalabyggðar setur það sem skilyrði fyrir fjárveitingum til íþróttafélaga og annarra félagasamtaka sem bjóða uppá frístundaiðkun fyrir börn og unglínga að félögin setji sér siðareglur.

Jafnframt verði gerðar viðbragðsáætlanir fyrir Undra og þjálfarar og annað umsjónarfólk fái fræðslu um ofbeldi og kynferðislega áreitni. Þá eiga félögin að tilgreina trúnaðarmann í viðbragðsáætlun.

GBB



Dalabyggð sem samstarfsaðili gerir kröfu um að þjálfarar og aðrir starfsmenn eða sjálfboðaliðar á vegum Undra skulu uppfylla skilyrði laga um þá sem starfa með börnum og ungmennum s.s. að sýna fram á hreint sakavottorð.

Undri skuldbindur sig til að skila skýrslu til Dalabyggðar fyrir 1. maí ár hvert, þar sem fram koma upplýsingar um framgang og fyrirkomulag verkefnisins.

### 5. gr. Gildistími

Samningur þessi gildir frá 01.01.2023 og gildir til 31.12.2024 að óbreyttu. Samningurinn skal endurskoðaður ef íþróttamannvirki í Búðardal verða komin í gagnid áður en gildistími rennur út. Hægt er að segja samningnum upp hvenær sem er með 3 mánaða fyrirvara.

Samningsaðilar geta hvenær sem er á samningstímanum óskað eftir að einstök atriði samningsins verði endurskoðuð eða samningurinn í heild. Náist samkomulag um þá endurskoðun skulu samningsaðilar undirrita nýjan samning með á orðnum breytingum.

Staður: Búðardal Dags.: 21/7 2023

Björn Bjarki Þorsteinsson  
Björn Bjarki Þorsteinsson, sveitarstjóri  
með fyrirvara um staðfestingu sveitarstjórnar

Guðrún B. Blöndal  
Guðrún Blöndal, formaður  
með fyrirvara um staðfestingu stjórnar

Vottar að réttum undirskriftum og dagssetningu:

Magnína E. Hristjánsd.  
Nafn

020959-2829  
Kennitala

Þor Ólafsson  
Nafn

160275-5679  
Kennitala